

# Ársskýrsla

## Félags forstöðumanna ríkisstofnana

### 2021-2022



Stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana 2021-2022 (á myndina vantar Bergþóru Þorkeldsdóttur).

Röð frá vinstri: Steinn Jóhannsson, Eydís Líndal Finnbogadóttir, Kristján Sverrisson, Gylfi Ólafsson, Harpa Þórsdóttir og Ásdís Ármannsdóttir.

## Inngangur

Ársskýrsla Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) veitir yfirlit yfir helstu verkefni og megináherslur á starfsárinu maí 2021 til og með apríl 2022. Nánari upplýsingar um starfsemina er að finna á heimasíðu félagsins ([www.ffr.is](http://www.ffr.is)) og í fundargerðum stjórnarfunda. Fjöldi félagsmanna er nú 136 talsins, 64 karlar og 72 konur.

Ársskýrslunni er skipt í eftirfarandi kafla:

1. Aðalfundur 19. maí 2021.
2. Störf stjórnar starfsárið 2021-2022.
  - a) Starfsreglur stjórnar.
  - b) Áherslumál stjórnar starfsárið 2021-2022.
  - c) Eftirfylgni vegna álita umboðsmanns Alþingis um launaákvarðanir forstöðumanna.
  - d) Haustferð 8. október 2021.
  - e) Starfshópur um betri vinnutíma.
  - f) Umsögn um frumvarp um breytingu á 39. gr. a. laga nr. 70/1996.
  - g) Endurmat á launafyrirkomulagi forstöðumanna.
  - h) Önnur verkefni.
3. Félagsfundir og málþing.
4. Skrifstofa félagsins.
5. Heimasíða.
6. Lokaorð.

### 1. Aðalfundur 19. maí 2021

Þann 19. maí 2021 hélt FFR aðalfund sinn á Grand Hótel í Reykjavík auk þess sem honum var streymt. Var fundurinn vel sóttur.

Kristján Sverrisson forstjóri Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands var kosinn formaður félagsins. Í stjórn voru jafnframt kosin til tveggja ára Ásdís Ármannsdóttir sýslumaður á Suðurnesjum, Bergþóra Þorkelsdóttir forstjóri

Vegagerðarinnar og Gylfi Ólafsson forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða. Harpa Þórsdóttir safnstjóri Listasafns Íslands, Steinn Jóhannsson rektor Menntaskólans við Hamrahlíð og Eydís Líndal Finnbogadóttir forstjóri Landmælinga Íslands sátu áfram í stjórn í samræmi við 6. gr. laga félagsins.

Þá var kjörnefnd jafnframt kosin, þ.e. þau Hrafnkell V. Gíslason forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, Helga Þórisdóttir forstjóri Persónuverndar og Ársæll Guðmundsson skólameistari Borgarholtsskóla.

Á fyrsta stjórnarfundum nýrrar stjórnar, þ.e. þann 1. júní 2021, skiptu meðstjórnendur með sér verkum þar sem samþykkt var að Ásdís yrði varaformaður, Harpa gjaldkeri og Steinn ritari.

## 2. Störf stjórnar starfsárið 2021-2022

Stjórn fundaði að jafnaði mánaðarlega á starfsárinu en tekið var sumarhlé í júlí og ágúst 2021. Stjórn hélt alls tíu formlega stjórnarfundum á starfsárinu og má finna fundargerðir á heimasíðu félagsins. Sex stjórnarfundir fóru einungis fram á TEAMS, tveir fóru bæði fram á TEAMS og í Guðrúnartúni, einn fór einungis fram í Guðrúnartúni og einn í Valhöll. Formaður, varaformaður, ritari og framkvæmdastjóri félagsins sátu mánaðarlega samráðsfundi með fulltrúum kjara- og mannauðssýslu ríkisins (KMR). Jafnframt sátu fulltrúar stjórnar ýmsa fundum á starfsárinu og má þar nefna fundum með einstaka félagsmanni eða fyrrverandi félagsmanni, fundum með fulltrúum Opna háskólans, rýnifundum um aðgerðaáætlun stjórnendastefnu ríkisins, fundum með stjórn Árneshjólanna og fundum um hönnunardrífna nýsköpun fyrir stjórnvöld og fyrirtæki o.fl.

Hér á eftir verður helstu verkefnum stjórnar lýst stuttlega.

- a) Starfsreglur stjórnar.
- b) Áherslumál stjórnar starfsárið 2021-2022.
- c) Eftirfylgni vegna álita umboðsmanns Alþingis um launaákvarðanir forstöðumanna.

- d) Haustferð 8. október 2021.
  - e) Starfshópur um betri vinnutíma.
  - f) Umsögn um frumvarp um breytingu á 39. gr. a. laga nr. 70/1996.
  - g) Endurmat á launafyrirkomulagi forstöðumanna.
  - h) Önnur verkefni.
- a) **Starfsreglur stjórnar.** Samkvæmt 6. gr. laga FFR skal stjórn setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar. Þá segir í 2. gr. að tilgangur félagsins sé m.a. að fylgjast með og fjalla um álitamál sem upp kunna að koma fyrir hönd forstöðumanna og standa straum af kostnaði vegna þeirra í samræmi við starfsreglur stjórnar varðandi nýtingu fjármuna félagsins. Stjórn samþykkti starfsreglur sínar á stjórnarfundi 7. nóvember 2021. Í samræmi við reglurnar eru þær birtar á heimasíðu félagsins.
- b) **Áherslumál stjórnar starfsárið 2021-2022.** Á fundi stjórnar 5. október 2021 voru áherslumál stjórnar fyrir starfsárið ákveðin og má finna yfirlit yfir þau á heimasíðu félagsins. Af helstu áherslumálum sem ákveðin voru má nefna að auka kynni og samstöðu félagsmanna, s.s með haustferð, fylgja eftir endurskoðun á launaumhvefi og gæta hagsmuna félagsins ef ráðuneytið ákveður að ganga gegn álitum umboðsmanns Alþingis, sjá lið c).
- c) **Eftirfylgni vegna álita umboðsmanns Alþingis um launaákvarðanir forstöðumanna.** Í álitum nr. 10343/2019 og 10475/2020 fjallaði settur umboðsmaður Alþingis um kvartanir tveggja forstöðumanna ríkisstofnana er lutu að fyrirkomulagi við ákvörðun launa. Var það niðurstaða setts umboðsmanns Alþingis að ákvörðun ráðherra um laun forstöðumanna á grundvelli 39. gr. a. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, væri stjórnvaldsákvörðun. Þá taldi umboðsmaður jafnframt óljóst að „önnur laun er starfinu fylgja“ eigi að byggjast á grunnmati starfs, svo sem felst í fyrirkomulagi ráðuneytisins, eða þá að persónubundnir þættir geti ekki haft áhrif þegar önnur laun eru ákveðin.

Framangreind niðurstaða umboðsmanns er ekki í samræmi við það kerfi sem launafyrirkomulag forstöðumanna byggir á. Núgildandi kerfi gengur út frá því að ákvörðun um laun forstöðumanna byggir á samræmdu grunnmati þar sem störf forstöðumanna eru metin út frá umfangi og kröfum um færni, ábyrgð og stjórnun. Matið er óháð því hver gegnir starfinu hverju sinni og er matið unnið út frá heildstæðri nálgun þar sem störf allra forstöðumanna eru metin á grundvelli samræmds matskefis.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið er ósammála framangreindri niðurstöðu umboðsmanns og í kjölfar álitanna fór af stað vinna í ráðuneytinu sem endaði með því að ráðherra lagði fram áform í samráðsgátt um að leggja fram frumvarp til breytinga á umræddri 39. gr. a. Með breytingunum var ætlun ráðherra að skjóta lagastöðum undir túlkun sína á eðli launaákvæðana forstöðumanna, þ.e. að taka af vafa um að ákvarðanir um grunnmat starfa, þ.e. föst laun fyrir dagvinnu og önnur laun er fylgja starfi viðkomandi forstöðumanns, sbr. 39. gr. a. laga nr. 70/1996, séu stjórnvaldsfyrirmæli en ekki stjórnvaldsákvarðanir.

Stjórn FFR fékk Hafstein Dan Kristjánsson, aðjúntkt við lagadeild Háskóla Íslands, til að fara ofan í saumana á þessu máli og svara því í fyrsta lagi hvaða þýðingu fyrirhuguð lagabreyting myndi hafa fyrir forstöðumenn, yrði frumvarpið samþykkt. Í öðru lagi, hverjir væru kostir og gallar þess að frumvarpið yrði að lögum og í þriðja lagi, hvaða leiðir væru félaginu (eða félagsmönnum) færar næði lagabreytingin ekki fram að ganga í ljósi þess að fjármála- og efnahagsráðuneytið er ekki sammála áliti umboðsmanns Alþingis um eðli ákvarðananna.

Var álitargerð Hafsteins send félagsmönnum með tölvupósti og var hún kynnt ítarlega á félagsfundi.

- d) **Haustferð 8. október 2021.** Í örlitlu svikalogni sem myndaðist í heimsfaraldrinum sætti félagið lagi og hélt í langþráða haustferð. Ferðin hófst

með heimsókn í Sagnagarðinn í Gunnarsholti, þar sem félagsmenn fengu höfðinglegar móttökur hjá Árna Bragasoni landgræðslustjóra með tilheyrandi veitingum. Eftir heimsókn í Sagnagarðinn tóku félagsmenn sig saman og plöntuðu trjám í Lund hinna þrekuðu embættismanna, undir dyggri stjórn Árna. Þá bauð Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður félagsmönnum að skoða einstakan torfbæ á Keldum auk þess sem hún gerði grein fyrir sögu hans og staðarins og bauð upp á viðeigandi veitingar. Endaði haustferðin á skemmtilegum kvöldverði í Hveragerði.

Stjórn FFR færir þeim Árna og Margréti bestu þakkir fyrir heimboðin og þakkar félagsmönnum kærlega fyrir frábæra þátttöku.

- e) **Starfshópur um betri vinnutíma.** Eydís Líndal Finnbogadóttir hefur verið fulltrúi FFR í starfshópi á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins um innleiðingu á betri vinnutíma. Næst á döfinni hjá hópnum eru námskeið og kynningar vegna styttingar vinnuvikunnar og að meta hvernig til hefur tekist.
- f) **Umsögn um frumvarp um breytingu á 39. gr. a. laga nr. 70/1996.** Þann 15. nóvember 2021 voru birt áform fjármála- og efnahagsráðherra í samráðsgátt um að leggja fram frumvarp til breytinga á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Fyrirhugaðar breytingar snúa að málefnum forstöðumanna ríkisstofnana. Með fyrirhuguðu frumvarpi er ætlunin að taka af vafa um, að ákvarðanir ráðherra um grunnmat starfa forstöðumanna ríkisstofnana, séu stjórnvaldsfyrirmæli. Til stendur að breyta 39. gr. a. laganna á þá leið að gera skylt að birta ákvarðanir um föst laun fyrir dagvinnu og önnur laun er fylgja tilteknu starfi forstöðumanns, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 39. gr. a., í reglugerð.

Stjórn sendi umsögn í Samráðsgátt um lagafrumvarpið þann 15. febrúar 2022 sem má nálgast í gáttinni. Hefur boðað lagafrumvarp ekki verið lagt fram.

- g) **Endurmat á launafyrirkomulagi forstöðumanna.** Eins og ráð er gert fyrir mun endurmat á launafyrirkomulagi forstöðumanna fara fram á þessu ári. Af því tilefni verður haldin vinnustofa í fjármála- og efnahagsráðuneytinu síðari hluta máí og munu sex fulltrúar félagsins mæta á vinnustofuna ásamt jafn mörgum fulltrúum kjara- og mannauðssýslu ríkisins.
- h) **Starf framkvæmdastjóra.** Dagrún Hálfánardóttir framkvæmdastjóri sagði starfi sínu lausu í mars sl. Var starfið auglýst og yfir 20 umsóknir bárust um starfið. Unnið er úr umsóknum.
- i) **Önnur verkefni.** Til viðbótar við framangreind verkefni fær stjórn þó nokkurn fjölda erinda frá félagsmönnum þar sem leitað er ráðlegginga, leiðbeininga eða aðstoðar vegna hagsmunamála af ýmsu tagi. Erindi þessi varða kjaramál, viðbótarlaun, endurmenntun, námsleyfi, aðdraganda starfsloka, samskipti við ráðuneyti, veikindarétt, orlofsrétt, lífeyrisréttindi, rétt til styrkja o.fl. Jafnframt leita fyrrverandi félagsmenn til félagsins sem aðstoðar þá eftir föngum og einkum ef málin varða almenn hagsmunamál sem skipta félagsmenn máli. Þá hefur félagið átt samskipti við félagsmenn vegna mála er lúta að reynslu þeirra af störfum innan ramma laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 sem og mál er varða ímynd ríkisstofnana og ríkisstarfsmanna.

### 3. Félagsfundir og málþing 2020-2021

Tilgangur FFR er að efla og auka kynni og samskipti milli félagsmanna. Því miður verður að endurtaka það sem fram kom í skýrslu stjórnar á síðasta starfsári, þ.e. að ekki verður hjá því komist að nefna að heimsfaraldur vegna COVID-19 hafði áhrif á félagsstörf félagsins. Má þar t.d. nefna að fresta þurfti jólagleði félagsmanna sem og heimboðum á stofnanir. Þó var haldinn félagsfundur 14. febrúar 2021 sem fram fór á TEAMS. Á fundinum fór Hafsteinn Dan yfir álitserð sína, sbr. liður 1. c. hér að framan. Var fundurinn vel sóttur og gagnlegur.

#### 4. Skrifstofa félagsins

Í júlí 2021 flutti félagið skrifstofu sína af Hverfisgötunni og yfir í Guðrúnartún 1, 105 Reykjavík. Félagið leigir sem fyrr aðstöðu af Neytendasamtökunum.

#### 5. Heimasíða

Félag forstöðumanna ríkisstofnana heldur úti heimasíðu, [www.ffr.is](http://www.ffr.is), þar sem finna má almennar upplýsingar um starfsemi félagsins auk þess sem þar er að finna ýmsar krækjur á gagnlegar upplýsingar.

#### 6. Lokaorð

Heimsfaraldur vegna COVID-19 setti óneitanlega svip sinn á störf félagsins. Standa vonir fráfarandi stjórnar til þess að næsta starfsár geti félagið staðið fyrir fleiri viðburðum sem efla kynni meðal félagsmanna auk þess að bjóða upp á meiri fræðslu og námskeið, hafa milligöngu um heimboð og fleira. Fjárhagur félagsins er góður eins og ársreikningur sýnir, en verkefni eru ærin og mun sjóður félagsins án efa koma að góðum notum í þeim framtíðarverkefnum sem liggja fyrir félaginu.

Þeir sem starfa í stjórn og nefndum félagsins eru forstöðumenn sem allir eru reiðubúnar til að leggja á sig töluverða vinnu til hagsbóta fyrir félagsmenn. Ég vil þakka þeim fyrir gott og óeigingjarnt starf í þágu félagsins.

Fyrir hönd stjórnar Félags forstöðumanna ríkisstofnana

Kristján Sverrisson, formaður